



Aldarafmæli Prestaskólans 2. október 1947, Hátíðarljóð

Bjarni Benediktsson – Aldarafmæli Prestaskólans 2. október 1947, Hátíðarljóð

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-8, Örk 10

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Aldarafmæli Prestaskólans

2. október 1947

Hátiðarljóð

I.

*Syng guði dýrð, syng drottni þökk, vor þjóð,
að það var hann,
sem leiddi þig og heilög, himnesk ljóð
úr harmi þínum vann.
Pví ef þú hlauzt að ganga, mönnum gleymd,
hinn grýtta stig,
í hjarta guðs þú hittir tár þín geymd.
Sjá, hann einn mundi þig.*

*Vor kynslóð stendur enn við opna gröf,
og enn sem fyr
um leiðsögn yfir harmsins trylltu höf
hún hrædd og felmtruð spyr.
En ofar dauða og kvöl rís krossinn enn,
sem Kristur ber.
Og sjá, hann knýr og kallar alla menn
að koma og fylgja sér.*

*Pví Kristur lisir. Angist hans og ást
fer alla tíð
með frið og mildi, hvar sem heimslán brást
og háð er banastríð.
Og megi kirkjan koma og lýsa þeim
að krossi hans,
sem þrá að líkna og leiða þjáðan heim
að lindum kærleikans.*

*Því blessta horfnir dagar lýð vors lands.
Svo leiði nýja öldin sál hvers manns,
er heyrir guð í hjarta sínu kalla
og hingað fer að leita sannleikans.
Og megi skólinn skyldur sinar rækja
og skapa nýjan ljóma um fornán arf,
og megi þjóðin þrek og djörfung sækja
til þeirra, er honum vígja líf og starf.*

Og treystum því, sem hönd guðs hefur skráð:
Í hverju fræi, er var í kærleik sáð,
býr fyrirheit um himnaríki á jörðu.
Hver heilög bæn á vísa drottins náð.
Og hví skal þá ei ógn og hatri hafna
ef hjálp og miskunn blasir öllum við
í trú, sem ein má þúsund þjóðum safna
til bjónustu við sannleik, ást og frið?

III.

Sjá, dagarnir líða, í leiðslu við hlustum
á laufið, sem hrynnur um aldanna skóg
og leggst yfir stofnana sterku,
sem stormur og dauði til jarðar sló.
En þó að þeim visni hvert bjarkarblað,
þá blómgað oss önnur í þeirra stað.
Því áfram skal haldið og aldrei þagnar
hin eilífa hrynjandi lífsins,
sem ymur um aldanna skóg.



Við hverfula daga mörg blekking oss bindur.

*Pó býr oss í hjörtum sú eilifðarþrá,
er leitar sér hljóðs og rís hærra
en heimsdýrð og jarðneskar óskir ná.
Hún stefnir frá glötun og harmi heim.
Og hvort skal hið dauðlega miklast þeim,
sem leita, handan við hrún og myrkur,
þess himins, er vakir og kallar
í aldanna eilífu þrá?*

Sjá, laufið hrynnur, en lífið er eilift.

*Lát lindirnar hníga í dimman sjó.
Pví eitt sinn vor kynslóð skal eignast
í aldanna skógi sitt bergmál þó.
Ó, megi það hljóma sem heilagt ljóð,
er himminum blessar vort land og þjóð
og nýrri og segurri veröld visar
á veg hinna eilífu stjarna,
er skína ysir aldanna skóg.*

Tómas Guðmundsson.

